

Sp. 527. Tillaga til þingsályktunar [330. mál]

um útboð á nokkrum algengum neyslu- og fjárfestingarvörum.

Flm.: Ragnar Arnalds.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta Innkaupastofnun ríkisins bjóða út nokkrar valdar tegundir af almennum neyslu- og fjárfestingarvörum í samvinnu við Verðlagsstofnun í þeim tilgangi að stuðla að stærri og hagkvæmari vörukaupum innflutningsfyrirtækja, hagstæðari innkaupum ríkisfyrirtækja á innlendum og innfluttum vörum og lægra vöruverði til neytenda. Öllum sé heimil þátttaka í útboðunum, en þeir sem tilboð gera skulu hafa tryggt sér að vara þeirra verði seld í smásölu sem víðast um land ef tilboði þeirra yrði tekið. Dómnefnd skipuð af viðskiptaráðuneyti með aðild Neytendasamtakanna, Alþýðusambands Íslands og Kaupmannasamtakanna velji þau tilboð sem að öðru jöfnu teljast hagstæðust. Þær vörur, sem dómnefnd velur hverju sinni, skulu auglýstar sérstaklega í fjölmiðlum. Þær skulu njóta forgangs í innkaupum allra ríkisstofnana. Útboð þessi skulu hins vegar ekki útiloka að aðrar vörur sömu tegundar séu áfram á boðstólum.

Kostnaður við útboðið og auglýsingar á hagstæðustu tilboðum skal greiddur af Innkaupastofnun ríkisins sem áskilji sér 0,1% gjald af heildsöluverði þeirrar vöru sem seld er með þessum hætti.

Greinargerð.

Varla er um það deilt eftir endurtekna verðkannanir Verðlagsstofnunar og samanburð á verði hér á landi og nálægum löndum að verðlag hérlendis á ýmsum helstu nauðsynjavörum almennings er óeðlilega og einkennilega hátt.

En þegar nánar er að gáð kemur varla á óvart að almennar neysluvörur séu dýrar hér á landi þegar haft er í huga að þær eru fluttar inn fyrir tiltölulega smáan markað og innkaup á hverri vörutegund skiptast á milli mjög margra heildsala svo að sjaldnast er um að ræða verulegan magnafslátt eða annað það hagræði sem fylgir stórum einingum og miklu magni.

Samkvæmt könnun Verðlagsstofnunar, sem gerð var árið 1979, var niðurstaðan sú að lækka mætti verðlag hér á landi á almennum nauðsynjavörum um 10% ef unnt væri að tryggja að sambærilegt innkaupsverð á innfluttum neysluvörum væri hliðstætt því sem tíðkaðist annars staðar á Norðurlöndum. Það fer því ekkert á milli mála að hér er til mikils að vinna.

Í tillögu þessari er ráð fyrir því gert að Innkaupastofnun ríkisins bjóði út ýmsar valdar tegundir af almennum neysluvörum. Útboð þessi væru þó á margan hátt ólík venjulegum útboðum. **Sá sem lægst byði fengi fyrst og fremst ótvíræða opinbera viðurkenningu á því að boð hans væri hagstæðast, vara hans fengi mikla óbeina auglýsingu auk þess sem ríkið legði fram fé til að auglýsa vöru hans rækilega í fjölmiðlum. Jafnframt yrði gerður kaupsamningur um verulegt vörumagn í þágu ríkisstofnana.** Hér er ekki gerð tillaga um innflutnings-einokun, sem vissulega á þó rétt á sér í ýmsum tilvikum, t. d. hvað varðar innflutning á olíu og bensíni eða tóbaki og áfengi. Öllum væri eftir sem áður heimilt að flytja inn eða framleiða og hafa til sölu þær vörutegundir sem boðnar yrðu út. En það er von flutningsmanns þessarar þáttill. að útboð Innkaupastofnunar, eins og hér er lýst, mundu veita innflutnings-aðilum heilbriggt og nauðsynlegt aðhald.

Með þessu nýmæli væri reynt að **efla frjálsa samkeppni undir sterkri forustu ríkisvaldsins** og til hagsbóta fyrir fólkið í landinu. Jafnframt væri stuðlað að því að verslunin leitaði leiða til stærri átaka í vöruinnkaupum en nú tíðkast og stórir smásalar sameinuðust um innflutning útboðsvöru með sem hagkvæmustum hætti.

Tvímælalaust má ætla að þessi nýjung í innflutningi á almennum nauðsynjavörum gæti dregið nokkuð úr verðbólgu hér á landi.

Til þess að rökstyðja enn frekar að unnt væri að ná fram lægra vöruverði með innkaupum í stærri einingum en nú tíðkast mætti benda á þá viðleitni samvinnuverslunarinnar sem kennd er við sölu á **grunnvörum**. Í kynningarbæklingi, sem gefinn var út fyrir nokkrum árum, sagði m. a.:

„Hvað er grunnvara?

Hún er flokkur valdra vörutegunda, svonefndra dagvara, sem tekist hefur, með nýbreytni í flutningum og afgreiðslu með hagræðingu sem leiðir til lækkunar hvers konar kostnaðarliða, að tryggja viðskiptavinum kaupfélagsbúða á lægra verði allt árið.

Þessar vörutegundir eru:

sykur 6×2 kg	epli	eldhúsrúllur
sykur 10 kg	appelsínur	w.c. pappír
hveiti 5×5 kg	rauðkál	ljósaperur
hveiti 10×2,5 kg	tekex	þvottalögur
hafragrjón	kex	þvottaefni
grænmeti	saltkex	smjörlíki

Hvað er grunnverð?

Grunnvörutegundirnar eru keyptar inn í miklu magni, þeim er í upphafi, hjá seljanda, komið fyrir í stórum einingum á sérstaka flutningspalla og gáma og í þessum stóru einingum óbreyttum kemur hún til kaupfélagsbúðanna.

Við þá miklu hagræðingu, sem af þessu leiðir, lækka ýmsir kostnaðarliðir svo mikið að það hefur veruleg áhrif til lækkunar á smásöluverði.

Vonir standa til að grunnvaran verði á svo góðu verði að til mikilla hagsbóta leiði hjá viðskiptavinum kaupfélagsbúðanna.“

Hér er einmitt hliðstæð hugsun á ferð og býr að baki flutningi þessarar tillögu.

Eins og áður segir er tillagan flutt í því skyni að lækka vöruverð og veita innflutnings-aðilum aukið aðhald. Í því sambandi er rétt að minna á aðra tillögu sem Alþýðubandalagsmenn flytja á þessu þingi og miðar að því sama, en það er **þingsályktunartillaga um rannsókn á innflutningsversluninni**.